ORKUSTOFNUN

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

# Jarðhitakort af Íslandi og gagnasafn um jarðhita

Helgi Torfason

OS-2003/062

NÍ-03016

Desember 2003

ISSN 1670-0120

| | | |
|---|---|---|
| | | Reykjavík X<br>Akureyri |
| **Skýrsla nr.**<br>NÍ – 03016<br>OS-2003/062 | **Dags, Mán, Ár**<br>20. desember 2003 | **Dreifing**<br>X **Opin**<br>**Lokuð til** |
| **Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill**<br>**Jarðhitakort af Íslandi og gagnasafn um jarðhita** | | **Upplag**<br>75<br>**Fjöldi síðna**<br>167 |
| **Höfundar**<br>Helgi Torfason | | **Verknúmer**<br>R01-02-080 |
| **Unnið fyrir**<br>Orkustofnun | | |
| **Samvinnuaðilar** | | |

**Útdráttur**
Jarðhita á Íslandi hefur margoft verið lýst í skýrslum og greinum. Samantektir yfir dreifingu jarðhita eru einnig margar. Hér er hins vegar sett saman gagnasafn um jarðhita og það tengt við legu jarðhitastaða og svæða í náttúrunni. Gagnasafnið er í tveimur hlutum, annars vegar eru upplýsingar í töflum um hita, rennsli og annað sem tengist jarðhitanum og hins vegar er staðsetning jarðhitans gefin í hnitum þannig að unnt er að teikna kort með þar til gerðum forritum, ArcView (ArcInfo, ArcGis).

Til að unnt sé að setja gögn um jarðhita skipulega inn í skrá (þrepaskipt gögn) hefur orðið að skilgreina jarðhitastaði á ákveðinn hátt. Landinu er skipt í svæði sem eru nánast eins og kjördæmaskipting landsins var til árins 2003. Þar sem jarðhiti er fyrir hendi er yfirleitt fleiri en ein uppspretta á takmörkuðu svæði. Hér er farin sú leið að uppsprettur á svæði með um 50 m radíus eru teknar saman í svonefndar **þyrpingar**. Þyrpingar eru miðaðar við kort í kvarða 1:50.000. Til að geta sýnt jarðhita á skýran hátt á kortum í kvarða 1:500.000 eru þyrpingar á fleti með radíus um 500 m eru teknar saman í **reiti.** Þessi skýrsla fjallar um reiti, en slík skipting (hringur með um 500 m radíus) fellur vel að korti af öllu landinu í mælikvarða 1:500.000.

Reitir eru númeraðir með fjögurra stafa tölu á þann hátt að reitir sem hafa 2 (2000, 2001…) sem fyrsta staf í fjögurra stafa tölu eru allir á suðvesturhorni landsins, Vesturland byrjar á 3, Vestfirðir á 4 o.s.frv. Númer reita eru miðuð við númer kjördæma eins og þau voru árið 2000. Reitir sem byrja á 9 (9001, 9002…) eru utan kjördæma, þ.e. á hafsbotni undan ströndum landsins. Þyrpingar fá tvo stafi til viðbótar t.d. 2000.01, 2000.02 og nær slíkt númerakerfi yfir allan jarðhita á landinu ef staðsetning er miðuð við fleti með um 50 m radíus.

| | |
|---|---|
| **Lykilorð**<br>Jarðhiti, jarðhitakort, jarðhitasvæði, reitir, þyrpingar | **Yfirfarið**<br>KE, ÁI |

## ÁGRIP

Jarðhita á Íslandi hefur margoft verið lýst í skýrslum og greinum. Samantektir yfir dreifingu jarðhita eru einnig margar. Hér er hins vegar sett saman gagnasafn um jarðhita og það tengt við legu jarðhitastaða og svæða í náttúrunni. Gagnasafnið er í tveimur hlutum, annars vegar eru upplýsingar í töflum um hita, rennsli og annað sem tengist jarðhitanum og hins vegar er staðsetning jarðhitans gefin í hnitum þannig að unnt er að teikna kort með þar til gerðum forritum, ArcView (ArcInfo, ArcGis).

Til að unnt sé að setja gögn um jarðhita skipulega inn í skrá (þrepaskipt gögn) hefur orðið að skilgreina jarðhitastaði og flokka á ákveðinn hátt. Þar sem jarðhiti er fyrir hendi er yfirleitt fleiri en ein uppspretta á tilteknu svæði. Hér er farin sú leið að uppsprettur á svæði með um 50 m radíus eru teknar saman í svonefndar **þyrpingar** og eru þyrping einskonar grunneining í töflum sem fylgja þessari skýrslu og grunnur fyrir jarðhitakortið. Þyrpingar eru miðaðar við kort í kvarða 1:50.000. Til að geta sýnt jarðhita á skýran hátt á kortum í kvarða 1:500.000 þarf að sameina þyrpingar í s.n. **reiti**. Reitur tekur yfir allar þyrpingar sem eru innan flatar með radíus um 500 m.

Þessi skýrsla fjallar um reiti, en slík skipting (hringur með um 500 m radíus) fellur vel að korti af öllu landinu í mælikvarða 1:500.000.

Númerakerfi það sem notað er fyrir reiti og þyrpingar í þessari skýrslu byggir á skiptingu landsins í kjördæmi eins og þau voru fram til árins 2003. Reitir eru númeraðir með fjögurra stafa tölu á þann hátt að reitir sem hafa 2 (2000, 2001…) sem fyrsta staf í fjögurra stafa tölu eru allir á suðvesturhorni landsins, Vesturland byrjar á 3, Vestfirðir á 4 o.s.frv. Númer reita eru þannig miðuð við númer kjördæma eins og þau voru til ársins 2003. Reitir sem byrja á 9 (9001, 9002…) eru utan kjördæma, þ.e. á hafsbotni undan ströndum landsins (utan netalaga). Þyrpingar fá tvo tölustafi til viðbótar við reitanúmerið, t.d. 2000.01, 2000.02 og nær slíkt númerakerfi yfir allan jarðhita á landi og á sjávarbotni.

*Þess er óskað að leiðréttingum og/eða viðbótarupplýsingum er varða jarðhita á landi eða í sjó verið komið á framfæri við höfund þessarar skýrslu á Náttúrufræðistofnun Íslands (netfang: heto@ni.is).*

# EFNISYFIRLIT

ÁGRIP 5

1 INNGANGUR 9

2 ELDRI JARÐHITAKORT 11

3 FRAMSETNING JARÐHITAKORTS OG NÚMERAKERFI 13
3.1 Gögn á jarðhitakorti 13
3.2 Númerakerfi 15

4 SKILGREININGAR OG FLOKKUN JARÐHITASTAÐA 19
4.1 Auga 19
4.2 Þyrping (staður, hópur) 20
4.3 Fláki, skiki 21
4.4 Reitur 21
4.5 Jarðhitasvæði – jarðhitakerfi 22
4.6 Hulin jarðhitakerfi 22
4.7 Hiti í virkum eldstöðvum 23
4.8 Jarðhiti undir jöklum 23
4.9 Jarðhiti á sjávarbotni 23
4.10 Samantekt 23

5 FLOKKUN JARÐHITA 24
5.1 Uppspretta 24
5.2 Lind 24
5.3 Ölkelda – kolsýrulaug 24
5.4 Volgra 25
5.5 Laug 25
5.6 Hver; hverasvæði 25

6 GAGNASAFN UM JARÐHITA 27

7 ÞAKKIR – LOKAORÐ 29

8 HEIMILDIR 31

9 MUNNLEGAR HEIMILDIR 40

VIÐAUKAR 41
1. viðauki. Númer reita og hnit 41
2. viðauki. Kort með númerum reita og tafla yfir reiti og þyrpingar 50
Viðauki 2.A Staðsetningakort með númerum jarðhitastaða 51
*Reykjanes* *51*
*Snæfellsnes og Dalir* *53*
*Barðaströnd og sunnanverðir Vestfirðir* *55*
*Norðanverðir Vestfirðir* *57*
*Norðvesturland* *59*
*Langjökull og Borgarfjörður* *61*
*Mið-Suðurland* *63*
*Mýrdalsjökull og Torfajökull* *65*
*Grímsvötn – Hofsjökull* *67*
*Hofsjökull – Skagafjörður* *69*
*Skagafjörður – Eyjafjörður* *71*
*Skjálfandi – Tjörnes* *73*
*Mývatn – Krafla* *75*
*Askja – Kverkfjöll – Jökuldalur* *77*
*Suðausturland* *79*
*Austfirðir* *81*
*Norðausturland* *83*
*Langanes – Melrakkaslétta* *85*
Viðauki 2.B Tilvísanir til heimilda í töflum yfir jarðhitastaði 87
Viðauki 2.C Tafla yfir jarðhitastaði 91

**MYNDIR**

1. mynd. Hluti af jarðfræðikorti Þorvalds Thoroddsen (1901) . 11
2. mynd. Mynd af jarðhitakorti af Íslandi í kvarða 1:500.000 . 13
3. mynd. Skýringar við jarðhitakort af Íslandi í kvarða 1:500.000 14
4. mynd Mörk og númeraskipting landsins í reiti 16
5. mynd. Landbrotslaug á Snæfellsnes, reitur 3120 19
6. mynd. Bakkakots- og Hverhólalaugar reitur 5048 20
7. mynd. Reitir og þyrpingarnorðan við Grímmannsfell, Mosfellssveit 22
8. mynd. Á bak við hvern reit á jarðhitakortinu eru upplýsingar í tölvu 27
9. mynd.Gögn má fá fram á ýmsu formi úr tölfugagnagrunnum 28

**TÖFLUR**

1. tafla. Kort og mælikvarðar 15
2. tafla Upphafleg skráning jarðhitastaða, bundin við sýslur 17
3. tafla. Skráning í gagntöflur . 29

# 1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um jarðhitakort af Íslandi og hvernig atriði sem tengjast jarðhita eru skilgreind. Í öðrum kafla er fjallað lauslega um eldri jarðhitakort og rannsóknir á jarðhita án þess að sú umfjöllun sé á nokkurn hátt tæmandi, enda er um mjög umfangsmikið efni að ræða. Í þriðja kafla er framsetning jarðhitakortsins kynnt og það númerakerfi sem notað er til að halda utan um upplýsingar um einstaka staði. Í fjórða kafla er skýrt út hvernig jarðhitastöðum er deilt niður þannig að unnt sé að númera staðina og taka upplýsingar um þá inn í töflugagnagrunn. Fimmti kaflinn fjallar síðan um flokkun jarðhitastaða, en þar er að vísu fjallað um efni sem aðeins að hluta er unnt að sýna á jarðhitakorti í kvarða 1:500.000. Síðasti kaflinn fjallar um gagnasafnið og vísast þar til 2. viðauka sem inniheldur lista yfir jarðhitastaði á og við landið.

Stór hluti af vinnu við kortið og undirbúningur fyrir gagnasafnið fór fram meðan höfundur var starfsmaður Jarðhitadeildar Orkustofnunar og hefur hann síðan haldið verkinu áfram á Náttúrufræðistofnun Íslands. Kostnaður við þessa skýrslu hefur að stórum hluta verið greiddur af Orkustofnun en kostnaður við rannsóknirnar sjálfar sem vitnað er til hefur verið greiddur af mörgum aðilum, s.s. ríki, orkufyrirtækjum, sveitarfélögum og einstaklingum.

Fyrstu drög að jarðhitakortinu og gagnasafninu sem því tengist voru kynnt á ársfundi Orkustofnunar 1993 og voru þá sett fram tvö kort, handteiknað jarðhitakort og sama kort með hitastigli teiknuðum á glæru sem lögð var yfir kortið. Jarðhitakortið og gagnasafnið, sem þá var nánast fullgert, var kynnt á vetrarmóti norrænna jarðfræðinga 2001 (Helgi Torfason 2002). Þar var einnig kynnt annað jarðhitakort kostað af Orkustofnun, í sama mælikvarða, með samskonar táknum, en með hita á ákveðnum hitabilum 10, 25, 50, 75 og 100°C og einnig sýnd atriði s.s. hitastigull (Kristján Sæmundsson o.fl. 2002).

Sá listi sem er birtur í þessari skýrslu er gerður eftir þeim gögnum sem fyrr eru talin, skýrslum Orkustofnunar, upplýsingum frá sérfræðingum og eigin athugunum, og hafa flestar athuganir verið birtar. Þar sem meðfylgjandi listi yfir reiti og þyrpingar tekur aðallega til jarðhita á landsvísu (2. viðauki) hefur ekki verið gerð samantekt um allar skýrslur og greinargerðir sem til eru um þyrpingar (1:50.000). Í heimildalista eru tilgreindar helstu heimildir fyrir hitastigi og rennsli á jarðhitastöðum, en listinn er þó ekki tæmandi fyrir jarðhitarannsóknir á landinu.

Yfirlitskort um jarðhita á og við Ísland hafði verið í smíðum í nokkur ár er það var fyrst kynnt á ársfundi Orkustofnunar og var ætíð miðað við kort í kvarða 1:500.000. Með hraðri þróun í tölvutækni komu fram á árunum 1980–1985 forrit sem voru mjög þægileg til að varðveita upplýsingar á skipulegan hátt, gagnagrunnar svo sem Dbase, Access, Oracle o.fl. Mestu framfarirnar urðu er svonefnd landupplýsingakerfi komu fram á sjónarsviðið 1990–1995 (ArcInfo, ArcView, Microstation) þar sem unnt er að varðveita upplýsingar um jarðhita og staðsetningu hans á einfaldan hátt og síðan setja fram á kort á ýmsa vegu. Kortið var til í handriti handteiknað en ákveðið var að flytja vinnsluna yfir á stafrænt form þar sem slík framsetning væri miklu nytsamlegri og fleiri gætu fært sér verkið í nyt við rannsóknir sínar.

Það kort sem hér er kynnt er árangur margra ára vinnu höfundar og byggir auk þess að miklu leyti á vinnu fjölda annarra jarðvísindamanna. Vonast er til að jarðhitakortið verði prentað síðar og þá e.t.v. með fleiri upplýsingum sem tengjast jarðhita. Einnig er stefnt að því að gögn um jarðhita verði gerð aðgengileg sem flestum um tölvunet.

## 2 ELDRI JARÐHITAKORT

Eitt af séreinkennum Íslands er jarðhiti en hann er nátengdur eldvirkni landsins, jarðskjálftum og úrkomu. Nærtækast er staðarnafnið Reykjavík sem er yfir þúsund ára gamalt og dregur nafn sitt af gufustrókum, sennilega frá jarðhita í Laugardal eða hverum sem taldir eru hafa verið í Örfirisey (Effersey). Sá jarðhiti hvarf ekki af yfirborði fyrr en um 1965, er farið var að dæla úr borholum þar.




*1. mynd. Hluti af jarðfræðikorti Þorvalds Thoroddsen (1901) þar sem jarðhiti er sýndur sem opnir hringir (laugar) og gufuhverir (krossar) í Hengli. Sjá má laugar í Laugarnesi (reitur 2001), Reykjum í Mosfellssveit (2019 o.fl.), í Kollafirði (2025) og við Esjuberg (2026). Rauðir deplar tákna eldgíga. Rauðir ferningar tákna ölkeldur.*

Jónas Hallgrímsson (1807–1845) í hópi fyrstu Íslendinga til að leggja stund á náttúrufræði við háskóla, en rannsóknir hans á jarðfræði urðu litlar og mjög litlar á jarðhita. Þorvaldur Thoroddsen (1855–1921) fór um land allt og lýsti jarðfræði og landsháttum. Hann var fyrstur til að sýna jarðhita á korti af öllu landinu (Þorvaldur Thoroddsen 1901) og lýsti hann jarðhita á mörgum stöðum í bókum sínum og eru jarðhitastaðir flokkaðir og merktir á jarðfræðikorti hans (1. mynd). Á þeim tíma sem hann var uppi voru hitamælar hins vegar ekki almenningseign og því ekki margir sem gátu mælt hita. Helgi Pjeturs (1872–1949) rannsakaði jarðhita nánast ekki neitt. Þorkell Þorkelsson, veðurstofustjóri (1920–1946) fór einna fyrstur Íslendinga að rannsaka jarðhitann á vísindalegan hátt, skrá hann skipulega, efnagreina vatn og athuga ýmsa þætti er tengjast honum. Norðmaðurinn Tom F. Barth (1950) tók saman, fyrir seinni heimstyrjöldina (1939–1945), greinargóða samantekt um jarðhita á landinu og setti fram númerakerfi yfir svæðin, en þau gögn voru ekki birt fyrr en eftir að stríðinu lauk. Trausti Einarsson prófessor rannsakaði jarðhitann mikið og birti lista yfir valda jarðhitastaði (t.d. 1942), en Rannsóknarráð ríkisins birti einn fyrsta samfellda listann fyrir landið árið 1944 og Jarðboranir ríkisins birtu efnagreiningar frá mörgum laugum í skýrslu (1951). Jón Sólmundsson vann að kortlagningu og skráningu jarðhita og fór um mestallt landið (1959, 1961, 1962) en rannsóknir hans eru einungis til í handriti á Orkustofnun (oft nefnt Laugabók Jóns Sólmundssonar). Aðrir vísindamenn tóku síðan við rannsóknum á jarðhita og var það einkum Raforkumálaskrifstofan, síðar Orkustofnun, sem stóð fyrir rannsóknum á eðli

jarðhita og hélt utan um upplýsingar sem honum tengdust. Á Orkustofnun hélt Jón Jónsson jarðfræðingur áfram að taka saman gögn um jarðhitastaði á landinu á sjöunda og áttunda áratugnum (einnig um borholur) og bjó til spjaldskrá sem var í umsjón Jarðhitadeildar Orkustofnunar. Úr þessari spjaldskrá og nýrri gögnum var tekin saman listi yfir jarðhita í landinu og birtur í skýrslu Guðmundar Pálmasonar o.fl. (1985).

Ýmsa aðra mætti telja til er hafa unnið mikilvæga vinnu við að safna skipulega saman gögnum um jarðhitastaði, t.d. Ingólf Petersen (1965) sem tók saman yfirlitið *Skýrsla leiðangurs til söfnunar vatns og gass og rennslis- og hitamælinga (Reykhólar, Barðaströnd og Borgarfjörður)* og Jón Benjamínsson (1979, 1981, 1988) sem tók saman greinargott og skipulega fram sett yfirlit fyrir Vestfirði og Strandir og notaði númerakerfi fyrir staðina. Einnig er jarðhiti sýndur á jarðfræðikortum Náttúrufræðistofnunar Íslands í kvarða 1:250.000 (t.d. Guðmundur Kjartansson 1960, 1962, 1965 o.fl.). Starfsmenn Orkustofnunar (nú að hluta Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR) hafa veitt mikilvægar upplýsingar um jarðhitastaði og nákvæmari staðsetningar. Kristján Sæmundsson (ÍSOR) hefur rannsakað stóran hluta af jarðhitastöðum á landinu í sambandi við nýtingu jarðhita og er mikið nýtt af upplýsingum frá honum sem bæði hafa birst í óteljandi greinargerðum og skýrslum, en einnig sem ábendingar og óskráðar upplýsingar. Þá ber að geta þess að Guðmundur Pálmason (1928–2004) hefur unnið að gerð bókar um jarðhita og jarðhitarannsóknir og er hún væntanleg á árinu 2004.

# 3 FRAMSETNING JARÐHITAKORTS OG NÚMERAKERFI

## 3.1 Gögn á jarðhitakorti

Hér á eftir verður fjallað um jarðhitakort í mælikvarða 1:500.000 (í vasa aftast) og gagnasafn sem því tengist. Kortið er yfirlit um jarðhitasvæði á landinu og nágrenni þess, eftir því sem þekking nær. Þegar gögn um jarðhita eru sett fram á korti skiptir mælikvarði kortsins mjög miklu máli. Á korti í kvarða 1:500.000 stendur hver millimetri fyrir 500 m á yfirborði jarðar. Innan hrings með 500 m radíus eru nær undantekningalaust margir jarðhitastaðir. Til að geta sýnt jarðhita á korti í kvarðanum 1:500.000 þarf því að taka saman marga staði, en sjaldgæft er að jarðhiti sé ein afmörkuð uppspretta eða gufuauga, heldur kemur jarðhitinn allajafna upp um mörg op á misstórum svæðum. *Svæði* er notað um t.d. háhitasvæði sem ná yfir 1 km$^2$ að stærð. Sú eining sem unnt er að setja fram á jarðhitakorti í kvarða 1:500.000 er samsafn jarðhita á svæði með um 500 m radíus og er slík eining nefnd *reitur* (nánari skilgreiningar reita, þyrpinga og augna er í næsta kafla). Litir í reitnum á kortinu segja til um hæsta hitastig sem þekkt er innan hans og er merking mismunandi lita skýrð á kortinu. Nánari upplýsingar um staðina eru í 2. viðauka. Vegna smæðar kortsins eru númer reita ekki prentuð á það, en númerin eru sýnd aftar í þessari skýrslu, framan við 2. viðauka.




*2. mynd. Mynd af jarðhitakorti af Íslandi í kvarða 1:500.000 þar sem jarðhita er skipt eftir hitastigi og hvort um er að ræða vatnshveri, gufur eða ölkeldur. Kortið sem fylgir með þessari skýrslu er í kvarða 1:500.000.*

Segja má að þyrping sé einskonar grunneining í því gagnasafni sem var byggt upp og var ástæða þess sú að til eru kort af öllu landinu í kvarða 1:50.000 sem reyndust mjög hentug til verksins. Við rannsóknir á jarðhita hafa þessi kort iðulega verið notuð, en í þessum kvarða má greina vegi, skurði, hús og önnur mannvirki og sýna jarðhita og staðsetningu hans með talsverðri nákvæmni (um 50 m). Framsetning jarðhita í kvarðanum 1:500.000 leyfir ekki að stöðum sé skipt svo nákvæmlega upp og því eru nokkrar þyrpingar sameinaðar í hvern reit.

Skýringar við jarðhitakortið eru sýndar á 3. mynd. Á jarðhitakortinu eru háhitasvæði afmörkuð sérstaklega en yfirborðshiti á landinu er allur flokkaður á sama hátt í vatns-uppsprettur, gufuhverasvæði og ölkeldur ásamt jarðhita undir vatni eða jöklum.




*3. mynd. Skýringar við jarðhitakort af Íslandi í kvarða 1:500.000.*

Auk þess að sýna jarðhita sem hring eða með öðru merki á korti er unnt að tengja ýmis gögn við staðinn og setja fram í texta, töflu eða sem upplýsingar á tölvuskjá. Til þess að tengja saman gögn í töflugagnagrunni og staðsetningu jarðhita á korti var sett upp númerakerfi (sjá umfjöllun hér á eftir) en töflugrunnurinn er grundvöllur kortsins.

Jarðhiti er settur inn á jarðfræðikort í kvarða 1:250.000 sem Náttúrufræðistofnun Íslands gefur út en framsetning þar byggir á útliti og ásýnd jarðhitans, ekki hitastigi.

Gagnasafnið sem er í 2. viðauka nær yfir allan jarðhita á Íslandi og er það miðað við kort í kvarða 1:50.000. Í þeim mælikvarða samsamar þá hver millimetri á korti 50 m á yfirborði jarðar. Samsafn jarðhita á svæði með um 50 m radíus er nefnt *þyrping* (*laugaþyrping/ laugaþyrpingar,* stundum nefnt *jarðhitastaður,* sjá síðar). Miðað er við að unnt sé að sýna hverja þyrpingu á korti í kvarða 1:50.000. Innan hverrar þyrpingar eru síðan einstök *augu* sem eru minnstu einingarnar, en til að setja þau fram á korti þarf stóran mælikvarða, 1:500–1:1000, og jafnvel þá er ekki alltaf unnt að sýna þau öll vegna fjölda þeirra, einkum á háhitasvæðum (1. tafla).

Tilgangur þess að skipta jarðhitastöðum í flokka á þennan hátt er m.a. sá að geta sett gögn um mismunandi staði á einfaldan og skipulegan hátt inn í töflur og að geta sett staðina eða svæðin fram á korti þannig að góð og sambærileg yfirsýn náist yfir þessi náttúrufyrirbrigði.

Þegar settar eru fram upplýsingar um jarðhita á kortum í kvarða 1:50.000, eða á nákvæmari kortum, er stundum unnt að merkja beint á kortið þau svæði þar sem jarðhiti finnst og ekki er þörf að taka upplýsingarnar saman í merki eins og hringi eða ferninga. Sem dæmi má taka

jarðhita á háhitasvæðum landsins þar sem hiti er yfirleitt samfelldur á svæðum sem eru nokkur hundruð metrar á hvern veg og má sýna sem slíka á kortum. Hér er stungið upp á að slík svæði kallist *flákar* eða *skikar,* þó sú skipting komi ekki fram á korti í kvarða 1:500.000. Einnig má skipta jarðhitastöðum eftir t.d. útliti (gufuhver, vatnshver, leirhver o.þ.h.) eða eftir efnasamsetningu, en þá þarf yfirleitt nákvæmari kort en 1:50.000.

**1. tafla.** Kort og mælikvarðar. Nákvæmni í framsetningu gagna á kortum fer eftir mælikvarða.

| Kvarði korts | 1 mm á korti jafngildir | Gögn sýnd |
|---|---|---|
| 1:500.000 | 500 m á landi | Svæði, reitir |
| 1:250.000 | 250 m á landi | Svæði, reitir (má skipta í A, B, C…) |
| 1:50.000 | 50 m á landi | Svæði, reitir, skikar, þyrpingar |
| 1:1000 | 1 m á landi | Skikar, þyrpingar, augu |

## 3.2 Númerakerfi

Til þess að unnt sé að byggja upp gagnasafn um jarðhita verður að notast við einhverskonar flokkun á jarðhitasvæðum landsins. Í þessari skýrslu er jarðhitasvæðum skipt í *svæði, reiti, skika, þyrpingar og augu*, en tilgangur þess er sá að geta skráð upplýsingar um hverskyns jarðhita á sambærilegan hátt og haldið til haga gögnum sem tengjast jarðhitastöðunum. Þá hefur verið búið til einfalt númerakerfi til að auðkenna staðina (2. viðauki). Skilgreining á flokkum er hér á eftir, en á jarðhitakorti í kvarða 1:500.000 eru merktir svo nefndir reitir sem innihalda alla jarðhitastaði á svæði með um 500 m radíus. Innan reits eru mismargar *þyrpingar* hvera og lauga.

Hver *reitur* er táknaður með fjórum tölustöfum, t.d. 2001, 5039. Þó getur reynst betur að skrá reit með sex tölustöfum til samræmis við *þyrpingar*, t.d. 200100, 503900 og tvö núll í endann tákna þá reitinn. Slík talnaröð auðveldar t.d. röðun staðanna í gagnagrunna.

Landinu er skipt í 7 hluta. Fyrsti stafur í númeri reits táknar landshluta (miðað er við kjördæmaskiptingu fram til 2003) og byrja reitir í Reykjavíkur- (Gullbringu- og Kjósarsýslu) og Reykjaneskjördæmi á tölustafnum 2-, Vesturlandskjördæmi á 3 o.s.frv. Innan hvers reits eru yfirleitt fleiri en einn jarðhitastaður (þyrping). Reitir sem eru utan landsteina, og teljast ekki til ákveðinnar sýslu eða kjördæmis, byrja á 9. Dæmi um reitanúmer er sýnt á 7. mynd, en sá reitur inniheldur fjórar þyrpingar norðan í Grímmannsfelli í Mosfellssveit.

Þyrpingar má tölusetja á marga vegu. Í upphafi voru þyrpingar númeraðar með bókstaf, sem táknaði sýslu, og þremur tölustöfum, en þegar yfirlit var komið yfir allt landið var unnt að einfalda þessi númer og binda þau við reitina (2. tafla). Gagnasafni því, sem byggt var upp með þessarri eldri flokkun, var auk þess skipt eftir sveitarfélögum (hreppum). Þessi skipting var ekki þjál og reyndist ekki hentug þegar fram í sótti, þótt hún hafi reynst vel í byrjun við að halda utan um staðina.

Þegar gagnasafnið er komið í almenna notkun myndi svona óljós talnaröð og flokkun henta illa og var því ákveðið að breyta henni. Skipting eftir sveitarfélögum getur þó oft verið hentug, t.d. vegna samskipta við sveitarstjórnir og fulltrúa þeirra. Með vaxandi sameiningu sveitarfélaga er vonlaust að binda númer jarðhitastaða við hreppa. Þó voru þessi gömlu númer einkvæm eins og þau sem hér eru kynnt.




*4. mynd Skipting landsins fyrir flokkun jarðhita í reiti, byggð á kjördæmaskipingu landsins fyrir 2003. Fyrsti stafur hvers reits byrjar á tölustaf 2–9 og er blá strikalína notuð til að skipta landinu í sjö svæði. Tölustafurinn 9 táknar jarðhita utan kjördæma, þ.e. á sjávarbotni.*

Númer fyrir þyrpingu byrjaði á bókstaf sem réðist af skiptingu landsins í sýslur og reyndist sú skipting býsna vel til að halda utan um upplýsingar um þyrpingar á yfirborði. Einnig var þægilegt að sjá í hvaða landshluta viðkomandi þyrping er. Á eftir bókstaf kom bandstrik og þrír tölustafir t.d. G-001 (Þvottalaugarnar í Reykjavík). Mörk kjördæma og sýslna eru ekki alltaf nákvæmlega þekkt, einkum á hálendinu, en miðað er við sýsluskiptingu á korti Landmælinga Íslands 1999. Þetta númerakerfi var einkum miðað við kort í kvarða 1:50.000. Miðað var við að geta sýnt sem mestar upplýsingar á kortinu, hafa skýringar einfaldar, hafa einkvæmt númer og hafa samræmi í upplýsingum.

Þessi aðferð við skráningu á jarðhitastöðum var notuð í nokkrum skýrslum, t.d. yfir þyrpingar í Reykjavík og nágrenni (Helgi Torfason 1997a, b) og yfir þyrpingar og augu á Hveravöllum (Helgi Torfason 1997a). Ofangreind aðferð við skráningu jarðhita var kynnt á Vetrarmóti norrænna jarðfræðinga í Reykjavík í janúar 2002 (Helgi Torfason 2002) og víðar.

**2. tafla** Upphafleg skráning jarðhitastaða var bundin við sýslur og var hver sýsla táknuð með bókstaf.

| **Fyrsti stafur í talnaröð eftir sýslum** | **Gamla skipting** | **Sýslur** |
|---|---|---|
| 2 | G | Gullbringu- og Kjósarsýsla |
| 3 | M | Borgarfjarðar- og Mýrasýsla |
| 3 | P | Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla |
| 3 | D | Dalasýsla |
| 4 | B | Barðastrandarsýslur |
| 4 | J | Ísafjarðarsýsla |
| 4 | T | Strandasýsla |
| 5 | H | Húnavatnssýsla |
| 5 | S | Skagafjarðarsýsla |
| 6 | E | Eyjafjarðarsýsla |
| 6 | N | Þingeyjasýslur |
| 7 | U | Múlasýsla |
| 7 | F | Skaftafellssýslur |
| 8 | R | Rangárvallasýsla |
| 8 | A | Árnessýsla |
| 9 | 0 | Utan sýslumarka |

Alltaf má finna vankanta á flokkunum og númerakerfum eins og þeim sem lýst var hér að framan. Þó að þessi leið hafi gefist ágætlega til að ná utan um jarðhita á landinu og hún sé einföld og sveigjanleg, þá eru á henni vankantar, einkum ef fjölga á þyrpingum innan hvers reits. Sem dæmi eru tveir reitir þar sem áður voru Þvottalaugarnar í Reykjavík (nr. G-001 og G-067). Þar sem jarðhita þarna var skipt upp á síðari stigum eru númerin ekki í röð og fellur það mörgum illa.

Nú liggur fyrir skipting landsins í sjö landsvæði og heildarsýn hefur fengist yfir staðina. Þá er unnt að nota reitanúmerið og bæta við það tveimur tölustöfum til að fá einkvæma talnaröð fyrir hverja þyrpingu. Í reitaskránni í 2. viðauka eru 1066 reitir, en sennilega á þeim eftir að fjölga eitthvað. Hver reitur er innan við 1 $km^2$ að stærð og því eru innan við 100 þyrpingar innan hans (hver þyrping er innan við 10.000 $m^2$, þ.e. innan við einn hektara). Einfalt er því að breyta númerakerfinu þannig að t.d. Þvottalaugarnar í Reykjavík verði táknaðar með eftirfarandi talnaröð:

| Reitur | *Gamla númer* | Þyrping | |
|---|---|---|---|
| 2001 | *var G-001* | verður | 200101 |
| 2001 | *var G-067* | verður | 200102 |

Þegar merkja þarf eða skrá niður einstök augu (minnsta eining innan þyrpingar) er unnt að afmörka þau í talnaröðinni með kommu eða á annan hátt:

| Reitur | *Gamla númer* | Þyrping | Auga |
|---|---|---|---|
| 2001 | *G-001* | 200101 | 200101,01 |
| 2001 | *G-001* | 200101 | 200101,02 |
| | | | |
| 2001 | *G-067* | 200102 | 200101,01 |
| 2001 | *G-067* | 200102 | 200101,02 |

Hugað var að því hvort unnt væri að byggja upp kerfi þar sem hnit í ákveðnum punkti gæfi númer augans. Slíkt kerfi verður alltaf flókið og hentar alls ekki við skráningu staða. Með nýjum eða bættum mælingum geta hnit breyst og þar með myndi breytast tilvísun í viðkomandi jarðhitastað. Nauðsynlegt er að gefa hverjum stað ákveðið númer og skrá hnit staðarins sérstaklega.

Í skýrslu um jarðhita á Hveravöllum (Helgi Torfason 1997a) voru augu merkt með númeri þyrpingar og litlum bókstaf þar fyrir aftan: H-210a, b, c. Hentugra er að nota kommu og tölustafi fyrir aftan: H-210,01, H-210,02. Fleiri aðferðir eru til, en þessi skýrsla fjallar ekki um svo nákvæma skiptingu jarðhitastaða.

Númerakerfi fyrir reiti og þyrpingar er sett fram í 2. viðauka ásamt eldri skiptingunni. Kostur við hina nýju númeraskiptingu er að hún er einföld, unnt er að sjá í fljótu bragði hvar á landinu staðirnir eru (þó ekki eins nákvæmlega) og þægilegt er að geyma skjöl og önnur gögn sem stöðunum tengjast í númeraröð. Eldra númerakerfið var ágætt, einfalt og þægilegt, en mörgum hefur þótt erfitt að átta sig á því, einkum þar sem númerin voru ekki í neinni röð.

# 4 SKILGREININGAR OG FLOKKUN JARÐHITASTAÐA

Til að halda saman upplýsingum um jarðhita landsins var byrjað á því að skilgreina misstórar einingar til að ná yfirsýn yfir gögnin. Grunneiningin í gagnasafni yfir jarðhita er *þyrping*, en skilgreiningar fyrir skiptingu jarðhitastaða fylgir hér á eftir. Tilgangur þess að skipta jarðhitasvæðum og stöðum upp á þennan hátt er m.a sá að geta sett númer á staðina, en eitthvert slíkt séreinkenni er nauðsynlegt til að geta staðsett þá og skráð upplýsingar um þá á skipulegan hátt í gagnasöfn (3. kafli).

*5. mynd. Auga er stök uppspretta, hver, laug eða gufuauga. Myndin sýnir Landbrotslaug í Landbroti á Snæfellsnesi og er hún auga í þyrpingu 312001 (P-007), í reit 3120. Laugin er 58°C heit með um 0,1 l/s rennsli. Á að giska 2 l/s renna frá laugum innan reitsins í heild. Þessi laug er heitust og því miðast hitastig þyrpingar og reits við hitastig hennar. Ljósm. Helgi Torfason 2001.*

## 4.1 Auga

Minnsta eining er uppspretta eða *auga*, sem getur verið laug, hver eða gufuauga þ.e. uppkoma heits vatns, gufu eða hita um stakt afmarkað op (5. mynd). Á slíkum stað er yfirleitt mælistaður, t.d. volgra, gufuauga eða tiltekinn hver, s.s. Fata, Smiður eða Geysir. Efnasýni eru yfirleitt tekin úr einu tilteknu auga á hverjum jarðhitastað og því er nauðsynlegt að geta haft þau skipulega skráð í ákveðnu kerfi þar sem unnt er að greina sundur mismunandi augu. Sýnatökustaðir eru í dag staðsettir með GPS mælingu sem eykur á öryggi þess að unnt sé að endurtaka sýnatökur.

Augu eru oft það mörg að ekki er alltaf unnt að skrá þau öll vegna fjöldans, enda oft ekki þörf á. Auðvelt á að vera að tengja saman skráningarkerfi sem hér er sett fram við númera-kerfi annarra ef þess er þörf og þar með tengja og sýna staði í kvarða 1:500.000 eða með meiri nákvæmni.

## 4.2 Þyrping (staður, hópur)

Eins og fyrr segir miðast gagnasafn yfir jarðhita á Íslandi við kort í kvarða 1:50.000 og samsvarar þá hver millimetri á korti til 50 m á yfirborði jarðar. Samsafn jarðhita á svæði með um 50 m radíus er kallað *þyrping* (laugaþyrping/laugaþyrpingar). Orðið þyrping er notað hér í staðinn fyrir orðin *staður* eða *hópur*, sem ekki þykja hentug orð yfir samsafn lauga og hvera innan tiltekinna marka, orðið *staður* er ofnotað og ekki skýrt og hópur er frekar notað yfir lifandi verur en dauða hluti. Einnig mætti nota önnur orð eins og *safn, klasi* eða *þorp* og í samsetningum laugaklasi, laugasafn. Þyrping lýsir ágætlega samsafni lauga sbr. fjallaþyrping og er notað hér.




*6. mynd. Þyrpingar í reit 5048 í Skagafirði eru þrjár. Nær eru Bakkakotslaugar (5048-02) 65,5°C og um 36 l/s rennsli og handan ár eru Hverhólalaugar (5048-01) 64,5°C og um 22 l/s rennsli. Greinileg sprunga er í brekkurótinni og liggur málband eftir sprungunni. Hér eru þrjár þyrpingar innan reits 5048 og skiptir áin milli þeirra, enda eru hverirnir á yfir 100 m langri línu. Þriðja þyrpingin er handan við hlíðarfótinn hægra megin (5048-03). Innan hverrar þyrpingar eru mörg augu eða uppsprettur. Á þessum stað er hentugt að skipta þyrpingum eftir eignalöndum. Ljósm. Helgi Torfason, 10. okt. 2000.*

Það er afar fátítt að einn jarðhitastaður sé aðeins ein uppspretta, venjulega er um að ræða margar uppsprettur. Hver þyrping er því annars vegar einn afmarkaður jarðhitastaður eða safn nokkura lauga eða uppspretta. Hver þyrping markast af svæði með um 50 m radíus (um 100 m í þvermál). Ef fjarlægð milli augna er meiri en um 50 m myndast önnur þyrping (nýtt númer) og á sama hátt er mynduð ný þyrping ef samfelldur yfirborðshiti nær yfir 50–70 m (6. mynd). Þessa skiptingu þarf að meta í hverju tilfelli. Einkum getur verið erfitt að deila út þyrpingum á háhitasvæðum þar sem stór samfelld svæði eru heit. Í slíkum tilvikum eru útlínur jarðhitasvæðisins dregnar og síðan er yfirborðshita innan svæðisins skipt eftir því sem hentugast þykir í samræmi við fyrrnefnt kerfi eða aðstæður.

Allar þekktar þyrpingar á landinu hafa verið skráðar og tölusettar. Númer þyrpinga eru sett fram í 2. viðauka. Þegar þyrpingar eru settar fram á kortum eða í gagnasöfnum er tekið saman heildarrennsli úr öllum augum innan hverrar þyrpingar og hæstur mældur hiti innan þyrpingarinnar settur sem hitastig hennar (5. mynd). Víða eru til fjölmargar mælingar á hitastigi en ekki er búið að koma þeim öllum í skrá.

Rennsli er sett fram á tvennan hátt, mælt rennsli og áætlað rennsli. Ekki er alltaf unnt að mæla rennsli auk þess sem rennsli getur verið mismikið eftir því hvort mælt er í þurrkatíð eða eftir mikla úrkomu, einnig skiptir máli hvenær árs er mælt. Í 2. viðauka er rennsli sett fram sem heildarrennsli (annað hvort það rennsli sem er mælt, eða það sem var mælt og það sem ekki náðist að mæla).

### 4.3 Fláki, skiki

Þessi flokkur er ekki notaður á jarðhitakorti í kvarða 1:500.000 en myndi e.t.v. henta á kortum í stærri kvarða eins og 1:50.000. Við kortlagningu á t.d. háhitasvæðum landsins er unnt að kortleggja og setja fram á korti samhangandi *fláka* eða *skika* þar sem hiti er samfelldur á svæði sem er nokkur hundruð metrar á hvern veg. Slíka flokka má nota og skrá sérstaklega, og myndu þeir henta vel fyrir t.d. samfelld hitasvæði, ummyndun á yfirborði og útfellingar. Í flákum er stærð ekki bundin við ákveðinn radíus, heldur er merktur inn sá flötur þar sem hitastig er t.d. hærra en tiltekin mörk. Þessi flokkur hentar þar sem jarðhiti eða ummyndun er samfelld á svo stóru svæði að ekki þykir henta að nota merki fyrir laugar eða hveri (augu).

### 4.4 Reitur

Til að birta upplýsingar um jarðhitastaði á korti í kvarða 1:500.000 þarf að slá saman nokkrum laugasvæðum eða þyrpingum í svonefnda *reiti.* Hver reitur hefur um 500 m radíus (1 mm á korti í kvarða 1:500.000). Hér eru reitir afmarkaðir með hring en einnig mætti nota sexhyrninga og þannig unnt að láta reiti falla betur saman. Mismargar þyrpingar eru innan hvers reits (sjá 2. viðauka) en hitastig reits miðast við hæsta hitastig innan hans og rennsli reits er samanlagt rennsli í öllum þyrpingum innan hans.

Reitur hentar vel til að afmarka jarðhitastaði á lághitasvæðum þar sem yfirleitt er frekar stutt á milli lauga. Víðast hvar er unnt að skilgreina reiti á háhitasvæðum því samfelldur jarðhiti á yfirborði nær fremur sjaldan yfir svæði með meira en 500 m radíus. Miðað er við að unnt sé að sýna reiti á kortum í kvarða 1:250–500.000 án þess að þeir falli hver ofan í annan. Innan reitanna eru einnig svæði sem kallast *hulin jarðhitakerfi*, en það eru staðir þar sem jarðhiti er ekki á yfirborði (sjá síðar).

Einnig væri unnt að reikna orku innan hvers reits (eða þyrpingar) út frá upplýsingum í töflu í 2. viðauka og setja gögnin fram á þann hátt. Við slíka útreikninga væri eðlilegt að miða neðri mörk við kaldar uppsprettur eða um 4°C.

Í töflu yfir jarðhita í 2. viðauka eru gögn fyrir reiti tekin saman í eina línu sem er aðgreind með lit, en gögn fyrir þyrpingar fylgja í línunum á eftir, með sama reitanúmer fyrir framan. Þegar nýjar upplýsingar koma fram geta gögn fyrir reitina breyst, enda nokkuð í land að búið sé að kortleggja og rannsaka allan jarðhita á landinu á viðhlítandi hátt.




*7. mynd. Reitir 2009 og 2056 norðan við Grímmannsfell í Mosfellssveit og þyrpingar innan þeirra. Innan reits 2009 eru þyrpingar sýndar með tvenns konar númerum, annars vegar 2009-01, 2009-02.. og hins vegar með númerum sem notuð voru meðan verið var að fá heildarsýn á jarðhita landsins G-093, G-094… Litir tákna hitastig. Bæði númerin má finna í töflu í 2. viðauka undir viðkomandi reitum. Sennilega er hér eitt jarðhitakerfi og því sama lághitasvæðið.*

### 4.5 Jarðhitasvæði – jarðhitakerfi

*Jarðhitasvæði* (eða *svæði*) tekur til stærri heilda eins og háhitasvæða eða stærri jarðhitakerfa, s.s jarðhitakerfisins sem nær til Suðurreykja og Norðurreykja í Mosfellsbæ. Jarðhitasvæði eru ekki auðkennd með númeri heldur heiti, t.d. Hengill, en innan hvers jarðhitasvæðis eða jarðhitakerfis eru oft margir reitir. Á jarðhitasvæði eru ætíð ummerki jarðhita á yfirborði. Ytri mörk háhitasvæðanna eru yfirleitt sett við 10 ohmm (ohm-metra) viðnámslínu, þar sem slík gögn eru til, eða dregin er lína umhverfis virkan jarðhita og unga ummyndun (<10.000 ára) á yfirborði.

Talsverður munur er á stærð háhita- og lághitasvæða eins og þau koma fram á yfirborði, en öll stækka þau er neðar dregur í berggrunninn. Þegar rætt er um jarðhita undir yfirborði er notað orðið *jarðhitakerfi*. Á yfirborði er flatarmál háhitasvæða mjög misstórt, eða frá 1 til yfir 100 km$^2$. Flatarmál lághitasvæða er yfirleitt mun minna, stundum aðeins tugir eða nokkur hundruð fermetrar að flatarmáli en getur verið fáeinir ferkílómetrar (5. mynd). Hér er notuð viðtekin skilgreining á þessum tveimur jarðhitagerðum og er háhitasvæði skilgreint þar sem hitastig jarðhitakerfis er yfir 200°C á 1 km dýpi (Guðmundur Pálmason o.fl. 1985). Á jarðhitakortinu er lína dregin utan um háhitasvæðin og þau nafngreind, Hengill, Brennisteinsfjöll, Krafla o.s.frv. Þeim eru því ekki gefin númer heldur nöfn, og ekki er litið til mismunandi stærðar þeirra. Jarðhitasvæði eða -kerfi eru ekki aðgreind sérstaklega í þessari skýrslu nema þar sem jarðhitakerfi eru án yfirborðsummerkja.

### 4.6 Hulin jarðhitakerfi

Á undanförnum áratugum hafa fjölmörg jarðhitakerfi fundist þar sem engin ummerki jarðhita eru á yfirborði. Hér eru þau nefnd *hulin jarðhitakerfi*, t.d. jarðhitakerfið sem nýtt er af hitaveitu Seltjarnarness, en það hefur ekki afrennsli á yfirborði og svo er um fleiri staði. Þessi jarðhitakerfi hafa flest fundist með borun grunnra leitarhola og eru þau öll, sem nú eru þekkt, á lághitasvæðum. Einnig geta háhitasvæði leynst undir yfirborði, þótt engin merki um slík svæði hafi fundist ennþá.

## 4.7 Hiti í virkum eldstöðvum

Við eldgos kemst kvika til yfirborðs og er gosi lýkur verður hluti hennar eftir í gosrásinni og stundum í innskotseitlum í grennd við eldvarpið. Því verður yfirleitt hiti í jörð á þessum svæðum árum, áratugum og jafnvel öldum saman eftir að gosi lýkur. Þessi jarðhiti er settur á jarðhitakortið á nokkrum stöðum og er hann í beinum tengslum við storknandi kviku þar sem eldsumbrot hafa orðið fyrir ekki svo löngu (undanförnum áratugum og öldum). Hiti er þannig enn merkjanlegu á yfirborði eftir eldgos í t.d. Öskju, Surtsey, Heklu og Vestmannaeyjum, og hefur verið virkur þar í áratugi eða árhundruð. Hiti hefur verið í toppgíg Heklu í aldir og er í beinum tengslum við kviku sem er kólnandi á tiltölulega litlu dýpi. Sömu sögu er að segja um aðra staði sem falla í þennan flokk. Hiti í Eldfelli í Vestmannaeyjum hefur mælst yfir 240°C á 1–2 m dýpi (Sveinn Jakobsson munnl. uppl.). Algengt er að telja hita í Víti í Öskju til jarðhitastaða, en sá jarðhiti er þó ekki eldri en frá Öskjugosinu 1875. Það er því ekki alltaf auðséð hvað á að telja til *jarðhita* og hvað til *kólnandi eldsumbrota*, enda stundum aðeins stigsmunur þar á. Jarðhiti undir jöklum er á sumum stöðum einnig tengdur fremur skammlífum hitagjafa.

## 4.8 Jarðhiti undir jöklum

Jarðhiti er þekktur sem gufuhverir á barmi öskjunnar í Grímsvötnum og einnig má sjá merki um tilvist hans þar sem hann bræðir jökulinn neðanfrá og geilar myndast á yfirborði jökuls. Jarðhiti er einnig þekktur undir Mýrdalsjökli en afrennsli frá jarðhitasvæðum undir jökli kemur m.a. fram í Jökulsá á Sólheimasandi, sem er oft nefnd Fúlilækur vegna brennisteinsfnyks sem frá ánni leggur. Þar er lítið vitað með vissu um staðsetningu jarðhitans en talið að geilar í jöklinum bendi til jarðhita. Þessir staðir eru því fremur illa staðsettir og má vænta breytinga á því í framtíðinni.

## 4.9 Jarðhiti á sjávarbotni

Þennan flokk skipa jarðhitastaðir sem eru á sjávarbotni og utan marka kjördæma (oft miðað við netalög, um 200 m undan landi). Jarðhiti er þekktur á nokkrum stöðum á Reykjaneshrygg undan Reykjanesi. Einnig er þekktur jarðhiti í Faxaflóa og við Kolbeinsey. Jarðhiti á sjávarbotni hefur fundist sem endurkast frá dýptarmælum og er endurkastið þá vegna bólustreymis (gasuppstreymis) frá hverum og laugum á botninum. Fæstir þessir staðir hafa verið rannsakaðir, þó hafa verið gerðir út leiðangrar til að kanna jarðhita við Kolbeinsey og á Reykjaneshrygg (t.d. German o.fl. 1994). Strýtur í Eyjafirði eru inna sveitarfélags og hafa því stöðu jarðhita á landi og eins er um fleiri staði þótt þeir séu á sjávarbotni.

## 4.10 Samantekt

Með því að skilgreina jarðhitastaði, á þann hátt sem rakið er hér að framan, er unnt að halda utan um og skrá allan jarðhita á og við landið á sambærilegan hátt. Talsverður munur er þó á gögnum sem skráð eru, t.d. á lághita- og háhitasvæðum. Á sumum háhitasvæðum er fjöldi gufuhvera og hitasvæða það mikill að erfitt er að skrá hverja þyrpingu með hitastigi, rennsli o.s.frv., nema með mjög mikilli vinnu, hvað þá að skrá augun. Slíkir staðir eru því víða aðeins skráðir með lágmarks upplýsingum,

s.s. staðsetningu, og hitastig er talið vera milli 90–100°C, enda er hitastig ekki alltaf mælt á háhitasvæðum. Þá er rennsli hvera og lauga oft áætlað en ekki mælt. Í frumtöflu jarðhitaskrárinnar er þessum upplýsingum haldið aðskildum.

Jarðhitastaðir bera oft nafn þeirrar jarðar sem hitinn tilheyrir og öfugt, þ.e.a.s. margir bæir á landinu hafa t.d. -reykir eða -laug í bæjarnafninu. Einnig eru jarðhitastaðir nefndir eftir örnefnum og er heiti þeirra skráð svo sem þekking nær í 2. viðauka, þótt þar sé talsverðu verki raunar ólokið.

# 5 FLOKKUN JARÐHITA

Á því jarðhitakorti sem hér er fjallað um er jarðhitastöðum á landinu skipt niður eftir hitastigi og hvort um er að ræða vatn, gufu eða ölkeldur. Vatni á yfirborði er stundum skipt í ákveðna flokka eftir hitastigi, s.s. í volgrur, laugar og hveri og eftir útliti s.s. brennisteinshveri, goshveri o.s.frv. Sú skipting hefur verið nokkuð á reiki, einkum þegar staðarnöfn enda á -laug eða -hver. Á Orkustofnun hefur sem dæmi verið lögð til eftirfarandi skipting með tilliti til flokkunar fyrir landfræðileg upplýsingakerfi (Helgi Torfason og Jóna Finndís Jónsdóttir 2001), þótt einnig hafi aðrar verið notaðar (Freysteinn Sigurðsson 1993). Þótt þessi skipting komi ekki fram á jarðhitakortinu skiptir máli að menn komi sér saman um þessi mál og noti sama hugtak fyrir sama fyrirbrigðið. Einnig tengist þessi flokkun að hluta skráningu jarðhitastaða í gagnasafn s.s. 2. viðauka.

## 5.1 Uppspretta

Almennt notað um alla uppkomu vatns, hvort sem um er að ræða heitt vatn eða kalt.

## 5.2 Lind

Á við um stað þar sem kalt vatn streymir til yfirborðs. Miðað er við að vatnshiti sé < 10°C en jarðhiti er þó oft með hitastig undir 10°C og er nær undantekningalaust um jarðhita að ræða ef hitastig í rennandi lind er yfir 6°C. Til að skera úr um tilvist jarðhita þarf þó t.d. efnagreiningu, því vatn sem runnið hefur einhverja leið nálægt yfirborði getur tekið í sig hita úr umhverfinu. Lind er hér notuð um allt kalt vatn sem streymir til yfirborðs en stundum er þetta greint nánar t.d. í:

- *Lindasvæði*; þar sem margar lindir eru á takmörkuðu svæði. Hér fer oft eftir mælikvarða korts hvort lindir eru sýndar sem einstakar uppsprettur.
- *Dýjavætur*; þar sem vatn sytrar fram í hallandi landi og mýri eða mosaþembur vitna um rennslið.
- *Sprungulindir*; ekki mikið notað, en vitnar til þess að vatnið komi upp í sprungu.
- *Kelda*; dý, þar sem kalt vatn stendur kyrrt eða er með litlu rennsli, oft notuð um nokkuð djúpa pytti þar sem fara þarf varlega.
- *Kaldavermsl*; þar sem kalt vatn bræðir frá sér snjó og ís á vetrum, oft um 3–5°C heitt. Hitastig er stöðugt jafnt sumar sem vetur

## 5.3 Ölkelda – kolsýrulaug

Heitið ölkelda getur átt við um heita eða kalda uppsprettu. Hér á landi er miðað við að uppleyst CO2 í ölkelduvatni sé um eða yfir 300 ppm (Stefán Arnórsson 1982). Ölkeldur geta þannig verið laugar eða hverir og eru þá oft einnig nefndar *kolsýrulaugar*.

## 5.4 Volgra

Volgra er 10–25°C heit uppspretta. Hiti í volgrum er það lágur að þær þykja of kaldar til baða eða til þvotta, þótt þekkt sé að þær hafi verið notaðar til slíks.

## 5.5 Laug

Laug er algengt heiti á heitum uppsprettum. Þótt heitið gefi ekki til kynna tiltekinn vatnshita hefur löngum verið miðað við að unnt sé að baða sig í laugum eða afrennsli þeirra en einnig hafa *laugar* verið mikið notaðar til þvotta. Þekktastar eru Þvottalaugarnar í Reykjavík en hiti þeirra var um 87°C og fyrrum var baðstaður neðan við laugarnar, í læk sem frá þeim rann og draga laugarnar sennilega *lauga*-nafn sitt af því. Algengt er að hitastig í uppsprettum sem nefndar eru *laugar* sé það hátt að auðvelt er að brenna sig í þeim, það er um eða yfir 50°C heitt, nema menn séu mjög snöggir að dýfa hendi í þær. Sumir flokka laugar þannig að þær nái aðeins til 25–55°C eða 25–60°C heits vatns. Hér er miðað við að laugar séu á hitastigsbilinu 25–70°C (þrátt fyrir að vont sé að baða sig í heitasta hlutanum).

- *Kísillaug – kísilhver:* Þar sem kísill fellur út við laug eða hver. Algengt er að kísill falli út úr vatni þar sem hiti jarðhitakerfis er hár.
- *Kalklaug – kalkhver:* Þar sem kalk fellur út við laug eða hver. Algengt í nágrenni háhitasvæða en annars eru kalkútfellingar fremur sjaldgæfar á Íslandi.

## 5.6 Hver; hverasvæði

Hver er notað yfir uppsprettur þar sem vatnið er nærri suðuhita eða svo heitt að menn brenna sig við að dýfa hendi í það. Hér eru lægri mörk sett við 70°C en efri mörk eru 100°C. Þótt menn geti brennt sig við 50–60°C hita er það ekki notað sem lægri mörk hér en sumir nefna það hver ef hitastig er frá 55–60°C upp að 100°C. Í flestum tilvikum er almennt talað um *hver* þegar hitastig er komið nærri 70°C en laugar eru yfirleitt nokkru kaldari. Málnotkun er þó mjög á reiki og verða menn sennilega seint sáttir á skilgreiningar á hitastigi hvera og lauga. Hverir eru oft það heitir að þeir voru fyrrum notaðir til matseldar. *Hitur* er einnig nafn á hvera- eða laugasvæðum og er yfirleitt átt við að svæði sem er það heitt að rýkur úr. Hverir eru eftir útliti og vatnsmagni flokkaðir í:

- *Vatnshver:* Langflestir vatnshverir eru á lághitasvæðum og er rennsli þeirra yfirleitt bundið við tiltekna veita (vatnsleiðara) sem eru í flestum tilfellum berggangur eða sprunga. Vatnshverir á lághitasvæðum innihalda yfirleitt það lítið magn uppleystra efna að vatn þeirra má nýta beint, t.d. til upphitunar.
- *Gufuhver:* Jarðhitastaður þar sem vatnið kemur fram sem gufa. Grunnvatnsborð er venjulega nokkuð neðan yfirborðs. Oft kemur því mjög lítið vatn upp í gufuhverum og það er þá þéttivatn sem verður til þegar gufan þéttist á uppleið. Einnig er algengt að gufan hiti upp grunnvatn nálægt yfirborði og því inniheldur slíkt vatn lítið af uppleystum efnum.
- *Leirhver:* Þar sem gufa sýður upp af grunnvatni ásamt gasi og blandast yfirborðsvatni geta orðið til leirhverir. Gasið sýrir vatnið sem leysir upp bergið og hrærir upp í heitan graut. Ef yfirborðsvatn kemst ekki að, breytast leirhverir oft í gufuhveri. Leirhverir eru aðeins á háhitasvæðum. Þeir eru leðjupyttir með blágráum, vellandi leir en liturinn stafar m.a. af brennisteinssamböndum járns sem myndast þegar brennisteinsvetni ($H_2S$) hvarfast við súrefni loftsins.
- *Suðuhver:* Suðuhver var notað um hveri þar sem ólgaði og vall. Matur var soðinn í hverum þar sem vatn var við suðumark. Í suðuhverum sýður oft í sífellu, vatnið ólgar og mikið er oft af loftbólum. Gas er yfirleitt til staðar í hverum (og laugum), en í mismiklu magni. Komið getur fyrir að gasið sé það mikið að svo virðist sem sjóði í

hvernum þótt aðeins sé um að ræða uppstreymi gastegunda og er það sums staðar nefnt suðuhver.

- *Goshver:* Goshverir eru þekktir bæði á há- og lághitasvæðum. Þeir eru vatnshverir þar sem hitastig vatnsins er við suðumark á litlu dýpi undir yfirborði. Við sérstakar aðstæður nær vatnið að sjóða og þeyta vatni sem ofar er í hvernum upp í loftið. Goshver er ekki stöðugt sjóðandi á yfirborði, heldur dettur suðan þar niður á milli gosa. Oft er talað um goshver ef vatnið skvettist hærra en 30 cm, en skilgreining goshvera er breytileg. Goshverir breytast í tímans rás og stíflast flestir smátt og smátt vegna útfellinga, en geta svo lifnað hraustlega við, t.d. vegna sprungumyndunar í jarðskjálfta.
- *Brennisteinshver:* Hver þar sem brennisteinn fellur út við op hversins. Algengast er að brennisteinn falli út á háhitasvæðum, einkum við gufuhveri.

Á háhitasvæðum eru súrir hverir, gufuhverir, leirhverir og vatnshverir en á lághitasvæðum eru svonefndir basískir hverir. Efnasamsetning vatns í þessum tveimur gerðum jarðhitasvæða er mjög mismunandi. Sennilega má skipta jarðhita í flokka eftir efnainnihaldi og flokka á annan hátt er hér er gert. Ef slík flokkun á að hafa eitthvert notagildi er einnig nauðsynlegt að geta greint jarðhitann eftir landfræðilegri legu og í ákveðnu skráningarkerfi eins og hér er gert.

Einnig hefur jarðhiti verið flokkaður eftir því hvernig hann kemur fram á yfirborði, í moldarflögum, laugum, pollum, úr bergi o.þ.h. (t.d Schwabe 1936) í t.d. *rheotherm, limnotherm, trybilotherm, choanotherms, helotherm.* Slík skipting hefur þó lítið með jarðhitann sjálfan að gera en er mikilvæg fyrir þá sem eru að rannsaka dýra- og jurtalíf í heita vatninu og búsvæði lífvera.

# 6 GAGNASAFN UM JARÐHITA

Gagnasafn það sem liggur á bak við reiti á korti er unnið ýmist í Excel eða Access forritum. Með því að nota saman töflu-gagnasafnið og legu staða í landfræðilega gagnasafninu má fá fram upplýsingar á skjá á ýmsan hátt eins og sýnt er á 8. og 9. mynd.

Í 1. viðauka eru sett fram hnit yfir jarðhitastaði. Þar er miðað við að hnitið sé sem næst miðju hvers reits. Til að tengja saman gögn, hnit og staði er notað númer (ArcNr í 1. og 2. viðauka).

Sú tafla sem inniheldur gögn sem liggja á bak við jarðhitakortið er í 2. viðauka. Bæði eru sýnd eldri númer sveitarfélaga (Hr.nr. = hreppsnúmer) og númer reita. Sum þessi gömlu sveitarfélaganúmer eru nú horfin vegna sameiningar sveitarfélaga (þau gagnast oft vel ef þarf að hópa jarðhitastaði saman eftir legu). Í frum-gagnaskránni eru fleiri dálkar en settir eru fram í 2. viðauka því pláss leyfir ekki fleiri dálka. Feitletraðir dálkar í 3. töflu eru sýndir í 2. viðauka. Þau atriði sem eru skáletruð tákna að skráningu sé ekki lokið.



*8. mynd. Á bak við hvern reit á jarðhitakortinu eru upplýsingar í gagnasafni og má kalla þær fram á tölvuskjá og fá upplýsingar um t.d. legu, heiti, hita, rennsli, heimildir o.fl.*




*9. mynd Með landupplýsingakerfum, forritum eins og t.d. ArcInfo, má teikna kort með ýmsum upplýsingum úr gagnasöfnum, s.s. hitastigi, númerum staða, rennsli eða öðru sem tengist staðsetningu. Á þessari mynd eru sýndir reitir við innanvert Ísafjarðardjúp og hitastig kallað fram úr gagnasafni. Þar sem hitastig er ekki þekkt eða ekki skráð kemur 0 við staðinn. Litur punkts gefur til kynna hitabil, 10–20°C, 20–30°C o.s.frv. eins og á jarðhitakortinu.*

**3. tafla.** Efni í gagnatöflum. Þeir dálkar sem sýndir eru í 2. viðauka eru feitletraðir.

| Heiti dálks | Skýring |
|---|---|
| **Hr.nr.** | **númer sveitarfélags** |
| **ArcNR** | **númer sem vísað er í ArcView, ArcInfo** |
| **Hnitað** | **hér stendur 1 ef hnit eru til fyrir staðinnn, hámarkshiti og rennsli reits** |
| **Reitur** | **númer reits (500 m radíus)** |
| **Þyrping** | **númer þyrpingar (50 m radíus)** |
| **Þyrping eldri** | **eldra númerakerfi með bókstaf fyrir sýslu** |
